

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að hámarkshraði ökutækja í botnlanga Bústaðavegar 151-153 verði 30 km/klst.
2. Að gönguþverun yfir Bústaðaveg milli Bústaðavegar 151B og 153 verði merkt sem gangbraut.
3. Að afmarkað verði sérmerkt bifreiðastæði fyrir sjúkrabifreiðar sunnan sjúkrahótels Landspítala við Hringbraut.
4. Að afmarkað verði sleppistæði, þar sem bannað er að leggja, sunnan sjúkrahótels Landspítala við Hringbraut.
5. Að bannað verði að stöðva og leggja við suðurkant akbrautar, norðan kvennadeildar Landspítala.
6. Að bannað verði að stöðva og leggja við norðurkant Hrafnsgötu, sunnan Barnaspítala.

Ofangreint sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Skrifstofu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, 20. maí 2020.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir skrifstofustjóri.